

ANNUAL REPORT 2008

ÁRSSKÝRSLA 2008



iceida



Annual Report 2008/Ársskýrsla 2008

Icelandic bilateral development assistance from 1 January to 31 December 2008
Tvíhliða þróunarsamvinna Íslands 1. janúar til 31. desember 2008

Published by ICEIDA, P.O. Box 5330, IS-125 Reykjavík, Iceland
Útgefið af PSSI, P.O. Box 5330, 125 Reykjavík, Ísland

© Icelandic International Development Agency 2009
© Þróunarsvinnustofnun Íslands 2009

Editor / Ritstjóri: Gunnar Salvarsson
Co-Editor / Aðstoðarritstjóri: Þórarinna Söebech

Contributors / Eftirfarandi lögðu til efni:

Ágústa Gísladóttir
Árni Helgason
Ásdís Bjarnadóttir
Drífa Hrönn Kristjánsdóttir
Dulce Mungoi
Geir Oddsson
Gerður Gestsdóttir
Gioconda Guevara
Gísli Pálsson
Guðbrandur Þorkelsson
Guðmundur Valur Stefánsson
Gunnar Salvarsson
Gunnar Þórðarson
Hannes Hauksson
Jóhann Pálsson
Lilja Dóra Kolbeinsdóttir
Nína Helgadóttir (RKÍ/IRC)
Sighvatur Björgvínsson
Stefán Jón Hafstein
Stefán Kristmannsson
Stella Samúelsdóttir
Tumi Tómasson
Þórarinna Söebech
Þórdís Sigurðardóttir
Vilhjálmur Wium

Proofreading and translation / Prófarkarlestur og þýðing: Hildur Pétursdóttir og Oliver Kentish

Front and back cover / Forsíðu- og baksíðumynd: Gunnar Salvarsson

Graphic Design / Hönnun: Vatikanið ehf. og Vilborg Anna Björnsdóttir

Layout / Umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir

Printing / Prentun: Prentmet

ISSN 1670-7672

Contents

Efnisyfirlit

Foreword by the Director General of ICEIDA	4	5	Formáli framkvæmdastjóra þSSÍ
Highlights from the Home Office	8	9	Yfirlit frá aðalskrifstofu
Malawi	17	17	Malaví
Introduction	18	19	Inngangur
ICEIDA's Development Cooperation	21	21	Þróunarsamvinna þSSÍ
Support to the Health Sector	21	21	Stuðningur við heilbrigðismál
Support to the Social Sector	23	23	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	23	23	Stuðningur við fiskimál
Support to Water and Sanitation	24	24	Stuðningur við vatns- og hreinlætismál
Gender Mainstreaming	26	26	Samþætting kynjasjónarmiða
Namibia	27	27	Namibía
Introduction	28	29	Inngangur
ICEIDA's Development Cooperation	28	29	Þróunarsamvinna þSSÍ
Support to the Education Sector	31	31	Stuðningur við menntamál
Support to the Social Sector	32	33	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	32	33	Stuðningur við fiskimál
Gender Mainstreaming	34	34	Samþætting kynjasjónarmiða
Mozambique	36	36	Mósambík
Introduction	36	37	Inngangur
ICEIDA's Development Cooperation	36	37	Þróunarsamvinna þSSÍ
Support to the Health Sector	39	39	Stuðningur við heilbrigðismál
Support to the Social Sector	39	39	Stuðningur við félagsmál
Support to the Fisheries Sector	40	41	Stuðningur við fiskimál
Gender Mainstreaming	42	42	Samþætting kynjasjónarmiða
Uganda	43	43	Úganda
Introduction	44	45	Inngangur
ICEIDA's Development Cooperation	44	45	Þróunarsamvinna þSSÍ
Support to the Education Sector	47	47	Stuðningur við menntamál
Multisectoral Suppor	48	49	Fjölgearstuðningur
Support to the Fisheries Sector	48	49	Stuðningur við fiskimál
Support to Private Sector Development	50	49	Stuðningur við þróun einkageirans
Support to NGOs	50	50	Stuðningur við frjáls félagasamtök
Gender Mainstreaming	52	52	Samþætting kynjasjónarmiða
Sri Lanka	53	53	Srí Lanka
Introduction	54	55	Inngangur
ICEIDA's Development Cooperation	54	55	Þróunarsamvinna þSSÍ
Support to the Fisheries Sector	57	57	Stuðningur við fiskimál
Gender Mainstreaming	60	60	Samþætting kynjasjónarmiða
Nicaragua	61	61	Níkaragva
Introduction	62	63	Inngangur
ICEIDA's Development Cooperation	62	63	Þróunarsamvinna þSSÍ
Support to the Energy Sector	65	65	Stuðningur við orkumál
Support to the Social Sector	66	67	Stuðningur við félagsmál
Gender Mainstreaming	66	67	Samþætting kynjasjónarmiða
Financial Overview	68	69	Fjármálayfirlit
Annual Accounts	70	71	Ársreikningur
ICEIDA Administration, Personnel and Consultants in 2008	76	77	Framkvæmdastjórn, starfsfólk og ráðgjafar þSSÍ árið 2008
Abbreviations	84	84	Skammstafanir
Address list	87	87	Heimilisföng



Experiencing the Economical Turmoil

By Sighvatur Björgvinsson, Director General of ICEIDA

The Icelandic International Development Agency reflects the nation's standard of living, as do all other Icelandic institutions, businesses and homes. In prosperous times, the prosperity influences the whole environment in a positive way. "The fjord is beautiful when the fishing is good" was often said in Iceland in former times when the amount of fish in the sea had a direct bearing on whether the nation would do well or badly. The days are long gone when fish alone determined whether the Icelandic nation would be able to sustain itself.

Today, various other elements have emerged; elements that bear little or no relation to tangible resources, such as the fish in the sea. Elements that believe something can be made out of practically nothing, similar to alchemists in former centuries. Elements preaching that one could get anything for nothing. People infatuated with their own ability, even falling in love with their own reflection, much like Narcissus. Because of their actions, the fjord does not seem as beautiful at the end of 2008 as it did at the beginning of the year.

In 2008, the Icelandic nation had its worst crisis since independence. The State, which had been virtually debt free, has had to shoulder heavier debts than any other nation in this year of global economic crisis. Unemployment, previously almost non-existent in Iceland, has followed in the wake of this and is rising rapidly. The trust Iceland had built up over the years amongst other nations on account of its people's diligence, education, hard work and honesty disappeared instantly through the work of these alchemists.

The nation's currency, which had, despite its size, seemed one of the most trustworthy currencies available, collapsed virtually overnight. Very few were prepared for the storm. And as in any storm, a large number of Icelanders now see their assets disintegrate. Unsuspecting people looked up from their daily chores to witness this. And most could not react in time.

Inevitably, ICEIDA's operations in 2008, as well as in the years to come, will reflect Iceland's altered situation. The year started off well and further increases

in budget contributions toward development aid looked likely. The Minister for Foreign Affairs and the government decided to make development cooperation one of three cornerstones of Iceland's foreign policy. Subsequently, contributions to the sector were increased and it was foreseen that Iceland would, within a few years, be amongst the few nations reaching the UN goal to contribute 0.7% of the gross national income to development cooperation. Operations continued in the spirit of this policy, right until the fateful week in October when the whole financial system collapsed in Iceland. Then everything changed and the environment was completely transformed.

Immediately, ICEIDA took action. A very clear policy was adopted on the course of action needed, in collaboration with the Ministry for Foreign Affairs. Inevitably, tough decisions had to be made, decisions aimed at safeguarding what was left of the international community's faith in Iceland. Furthermore, it was inevitable that ICEIDA would have to downsize substantially, without in any way renegeing on the obligations that had been undertaken. ICEIDA would have to keep its word.

Pursuant to this policy, the Agency would receive the funds necessary to honour its obligations for 2008. At the same time, the decision was made that there would only be scope to fulfil the obligations already undertaken in regard to the preparations of plans for 2009. In other words, there would be no funding for new projects or their preparation.

In addition, it was decided that, in the middle of 2009, the Agency would close down its operations in the two partner countries most recently engaged in co-operation with ICEIDA, i.e. Sri Lanka and Nicaragua. However, ICEIDA would fulfil all obligations in regard to individual projects, some of which will be run until 2012. I was entrusted with the task to introduce this conclusion to the authorities and partners in these two countries, as well as see to arrangements in regard to the cessation of employment, in close cooperation with the authorities and the partners. ICEIDA has put great emphasis on leaving these



Starfsemin endurspeglar breytt umhverfi Íslendinga

eftir Sighvat Björgvinsson, framkvæmdastjóra þSSÍ

Þróunarsvinnustofnun Íslands endurspeglar lífskjör Íslensku þjóðarinnar á sama hátt og allar aðrar íslenskar stofnanir, fyrirtæki og heimili. Þegar vel árар ríkir velmegun meðal landsmanna og sú velmegun hefur jákvæð áhrif á allt umhverfið. „Það er fallegt við Breiðafjörður þegar vel veiðist“, var sagt á Íslandi hér á árum áður þegar fiskgengd á miðunum við landið réði því hvort þjóðinni farnaðist vel eða illa. Þeir dagar eru nú löngu liðnir þegar fiskurinn einn réði hvort íslenska þjóðin hefði í sig og á.

Nú hafa komið þar til sögunnar margvísleg önnur öfl sem oft eiga lítið eða ekkert skylt við ápreifanleg verðmæti eins og fisk í sjó. Öfl sem jafnvel telja sig geta búið til verðmæti úr nánast engu – líkt og gullgerðarmennirnir héldu sig geta forðum daga. Öfl sem boða að hægt sé að eignast allt án þess að eiga neitt. Fólk sem ofmetnaðist í trú á eigin ágæti og varð jafnvel ástfangið af spegilmynd sinni líkt og Narcissus. Fyrir þeirra tilverknað sýndist Breiðafjörðurinn ekki vera jafn fagur við árslok 2008 og hann virtist vera í ársþyrjun.

Á árinu 2008 varð íslenska þjóðin fyrir mesta áfalli sem þjóðin hefur orðið fyrir í sögu sinni sem sjálfstæð þjóð. Íslenska ríkið, sem nánast var skuldlaust með öllu, hefur orðið að taka á sig þyngri skuldabyrðar á skemmri tíma en nokkur önnur þjóð hefur þurft að gera á þessu ári heimskeppunnar. Atvinnuleysi, sem nánast var orðið óþekkt á Íslandi, hefur fylgt í kjölfarið og fer ört waxandi. Traust það sem íslenska þjóðin hafði áunnið sér í áranna rás meðal annarra þjóða fyrir dugnað, menntun, vinnusemi og heiðarleika hvarf eins og dögg fyrir sólu fyrir tilverknað gullgerðarmannanna.

Gjaldmiðill þjóðarinnar, sem þrátt fyrir smæð sína hafði virst vera einn traustasti gjaldmiðill sem völ var á, hrundi nánast á einni nótta. Óveðrið, sem skall á, kom flestum á óvart. Líkt og í fárviðri eru fjölmargir landsmenn nú að horfa á eignir sínar þyrlast burtu undan ofsaveðrinu. Fólk, sem ekki átti á neinu illu von, leit upp frá sínum daglegu störfum til þess að sjá þetta gerast. Og næsta fáir koma vörnum við.

Starfsemi Þróunarsvinnustofnunar Íslands á árinu 2008, sem og á næstu árum, hlýtur óhjákvæmilega að endurspeglar þetta breytta umhverfi Íslendinga. Árið 2008 byrjaði vel og gaf góð fyrirheit um áframhaldandi aukningu á opinberum framlögum til þróunaraðstoðar. Utanríkisráðherra og ríkisstjórnin mörkuðu þá nýju stefnu að þróunarsamvínna skyldi verða ein af þremur meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Í samræmi við það var áfram haldið að auka framlög til málflokkssins og hillti undir að innan fárra ára kæmist Ísland í hóp þeirra fáu þjóða sem náð hafa markmiði S.p. um að verja 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu. Í anda þessarar stefnu var unnið allt fram til þeirrar örlagaríku viku í októbermánuði þegar gervallt íslenska fjármálakerfið hrundi til grunna. Þá breyttist allt. Umhverfið tók á sig gerólíka mynd.

Þá þegar var gripið til aðgerða á vegum þSSÍ. Í samráði við utanríkisráðuneytið var mörkuð mjög skýr stefna um hvernig bregðast skyldi við. Óhjákvæmilegt var að taka erfiðar ákværðanir en þær ákværðanir yrðu að miða við að traust umheimsins á Íslendingum yrði ekki fyrir meira áfalli en orðið hafði. Óhjákvæmilegt væri að þróunarsvinnustofnun Íslands drægi mjög mikil saman seglin en það yrði að gerast án þess að gengið væri í einu eða neinu gegn þeim skuldbindingum sem stofnunin hafði á sig tekið. Orð stofnunarinnar yrðu að standa.

Í fullu samræmi við þá stefnumótun voru stofnuninni tryggðir þeir fjármunir sem hún þurfti að halda til þess að geta staðið við allar skuldbindingar sínar á árinu 2008. Samhlíða var sú ákvörðun tekin að við undirbúning áætlana fyrir árið 2009 yrði ekki svigrúm til annars en að standa við þegar gerðar skuldbindingar. Engum fjármunum væri m.o. hægt að verja til nýrra verkefna eða til undirbúnings þeirra.

Einnig var afráðið að stofnunin hætti starfsemi sinni um mitt ár 2009 í þeim tveimur löndum sem voru nýjustu samstarfslönd stofnunarinnar, Sri Lanka og Níkaragva, en þó þannig að staðið yrði engu að síður við allar skuldbindingar sem stofnunin hafði undirgengist í þessum löndum, þar sem skuldbindingar vegna einstakra verkefna ná allt til loka árs 2012. Var mér sérstaklega falið að



Brotnar rúður í grunnskóla í Maputo, Mósambík
Broken windows at a primary school in Maputo, Mozambique

Ljósmynd/Photo: Gunnar Salvarsson

countries with reciprocal amicability and in full agreement with the partners and employees there.

The Icelandic International Development Agency has inevitably had to take on its share of the burden Icelanders now have to carry. Perhaps the situation in the Icelandic economy may not reveal this immediately. When comparing budget contributions for the Agency in the Icelandic króna for 2009 with that of 2008, the reduction does not seem significant. However, the Agency's obligations abroad are made in US dollars.

The rapid depreciation of the Icelandic króna means that the funds available to the Agency in its operating currency have been reduced to just under US\$ 15 million in 2009, compared to 22 million in 2008, a reduction of about 33%. Furthermore, the collapse in Iceland's gross national income has meant that public development aid contributions, in relation to gross national income, were, in this annus horribilis of 2008, around 0.36%, which may appear to be a great increase from the previous year and much more than expected. However, comparison of this type often does not reveal the truth. Rather, it may even conceal it.

In other respects, 2008 was also a historical year for ICEIDA. The Agency had up until then operated pursuant to the law adopted in 1981, which had become long outdated. This prevented ICEIDA from being able to work with other similar agencies and run its operation in the way practised by such agencies around the world. A review was, therefore, long overdue. The review was undertaken in 2008, when the Althingi adopted a new Act on Icelandic International Development Cooperation, giving the Agency full scope to run its projects in the way the Agency deems most suitable and which is currently practised by similar agencies in all our neighbouring countries.

It could be said that in 2008 ICEIDA was given the opportunity to work in the way it itself chooses, yet at the same time, and more than ever before, external circumstances limited the scope of its activities. This was truly a year of extremes.

Furthermore, the new Act stipulates the formulation of a coordinated policy under the auspices of the Ministry for Foreign Affairs, which includes all Icelandic parties, i.e. public parties, as well as NGOs, involved in providing development and humanitarian aid. A special consultative council, with the participation of the social partners, the university community, representatives of NGOs and public parties, was given, amongst other things, the role of coordination and consultation. In addition, the Act provides that the Parliamentary Committee on Foreign Affairs will be more closely involved in the policy-making than before, as well as elected members of the political parties.

With this change, the Board of ICEIDA, elected by the Althingi and having operated since the adoption of the law in 1981, was dissolved. The Board had always been an important consultative venue for ICEIDA, where decisions were made and discussed and policies and practices formulated. It is my opinion that it was necessary for the Agency to be obliged in this way to report to parties outside the Agency on all its operations and answer penetrating questions.

The Board also proved to be an important pillar of support to the Agency's employees in their oftentimes difficult work, being made up, as it was, of people having extensive experience and knowledge acquired in business life, public bodies and work for the various NGOs involved in development and humanitarian affairs. I will conclude by thanking all the Board members during my time as a Director-General for their solid and productive cooperation and in particular those who have held the position of chairperson through those years, Árni Magnússon, Björn Ingi Hrafnsdóttir and Sigrún Ólafsdóttir Helgason.

kynna stjórnvöldum og samstarfsaðilum í þessum tveimur löndum þessa niðurstöðu sem og að ganga frá samkomulagi um starfslok í góðri samvinnu við stjórnvöld og aðra þarlenda samstarfsaðila. Þung áhersla verður á það lögð af hálfu stofnunarinnar að þannig verði að málum staðið og að skilið sé við samstarfsaðila og starfsfólk í löndunum í góðu samkomulagi og í gagnkvæmri vinsemð og skilningi.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur óhjákvæmilega orðið að taka á sig sinn hluta af þeim byrðum sem á bak Íslendinga hafa verið lagðar. Aðstæður í íslenskum efnahagsmálum leiða það e.t.v. ekki í ljós við fyrstu sýn. Séu bornar saman fírarveitingar í íslenskum krónum á fjárlögum til stofnunarinnar á árinu 2009 miðað við árið 2008 virðist samdrátturinn ekki vera umtalsverður. Allar skuldbindingar stofnunarinnar erlendis eru hins vegar gerðar í bandaríkjadöllum.

Gengishrun íslensku krónunnar hefur valdið því að þrátt fyrir nær óbreyttar fírarveitingar í íslenskum krónum hefur ráðstöfunarfé PSSÍ í starfsmýnt stofnunarinnar, bandaríkjadöllum, lækkað úr 22 milljónum dollara árið 2008 í tæplega 15 milljónir dollara árið 2009 eða u.p.b. 33%. Hrun á vergum þjóðartekjum Íslendinga hefur svo einnig valdið því að opinber framlög til þróunaraðstoðar, mæld sem hlutfall af þjóðartekjum, hafa á hörmungarárinu 2008 reynst vera u.p.b. 0,36% sem virðist gefa til kynna að mikill vöxtur hafi á orðið frá fyrra ári – mun meiri en áætlað var. Svona samanburðartölur segja oft ekki sannleikann. Þær leyна honum jafnvel fremur.

Árið 2008 var einnig að öðru leyti sögulegt ár fyrir PSSÍ. Stofnunin hafði fram á það ár starfað samkvæmt lögum frá árinu 1981, sem löngu voru úrelt orðin og komu í veg fyrir að stofnunin gæti starfað með öðrum sambærilegum stofnum og á þann hátt sem gerist og gengur í starfsemi sliks stofnana í heiminum. Því var löngu orðið tímabært að endurskoða þessi gömlu lög. Það var gert á árinu 2008. Þá setti Alþingi ný lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands þar sem stofnuninni var m.a. gefið fullt svigrúm til þess að starfa að verkefnum sínum með þeim hætti sem stofnunin sjálf telur best henta og fylgt er hjá sambærilegum stofnunum í öllum nálægum löndum.

Á árinu 2008 má því segja að í senn hafi það gerst að PSSÍ voru opnaðar allar dyr til þess að sinna starfsemi sinni með þeim hætti sem stofnunin sjálf kys en jafnframt hafi hinarr ytri aðstæður takmarkað meira möguleika hennar til umsvifa en nokku sinni fyrr. Þar var til skiptis stigið í ökkla og eyra.

Þá var einnig í lögunum mótuð samræmd stefna undir umsjá utanríkisráðuneytisins sem nær til alla þeirra íslensku aðila, opinberra aðila, sem og frjálsra félagasamtaka, sem starfa að veitingu þróunar- og mannúðaraðstoðar. Sérstökum samstarfsráði með aðkomu aðila vinnumarkaðarins, háskólasamfélagsins, fulltrúa félagasamtaka og opinberra aðila var m.a. fengið í hendur samræmingar- og ráðgjafahlutverk, jafnframt því sem löginn gera ráð fyrir meiri aðkomu utanríkismálanefndar Alþingis að umræddri stefnumótun en verið hefur, sem og aðkomu kjörinna fulltrúa þingflokkka.

Með þessari breytingu var jafnframt lögð niður sérstök stjórn fyrir PSSÍ sem kjörin var af Alþingi og starfað hafði frá lagasetningunni frá 1981. Sú stjórn var PSSÍ allan þann tíma mikilvægur samráðsvettvangur þar sem ákváðan voru teknar og ræddar og stefna og starfshættir mótuð. Að álti þess sem þetta ritar var nauðsynlegt fyrir stofnunina að þurfa með þeim hætti að gera utanhússaðilum jafnan grein fyrir allri starfsemi á sínum vegum og svara þar gagnrýnum spurningum.

Stjórnin reyndist auk þess vera starfsmönnum stofnunarinnar mikil stoð í oft erfðum störfum enda skipaði stjórnina jafnan fólk með mikla reynslu og þekkingu bæði úr atvinnulifini, úr opinberum störfum og úr störfum fyrir hinum ymsu félagasamtök sem sinna þróunar- og hjálpstarfi. Ég vil ljúka þessari umfjöllun með því að þakka öllum þessum stjórnarmönnum, körlum og konum, fyrir gott og árangursríkt samstarf og þá sérstaklega þeim stjórnarformönnum sem ég hef starfað með, þeim Árna Magnússyni, Birni Inga Hrafnsyni og Sigrún Ólafsdóttir Helgasoni.

Highlights from the Home Office

Financial Crisis and New Legislation

Two events, in particular, affected ICEIDA's operation this year: the adoption of a new legislation on Icelandic International Development Cooperation and the collapse of the Icelandic financial system. Both these events occurred in the autumn and had widespread consequences for the Agency.

For the first ten months of the year, the attitude prevalent in Iceland was that development cooperation was at a crossroads. Development cooperation had become one of the cornerstones of Icelandic foreign policy, and the plan was to place Iceland amongst those nations that donated most generously to development cooperation in relation to gross national income. The upcoming year would be a year of increased activities and new opportunities. This vision was not to be realised.

Three detailed reports on Iceland's development cooperation were compiled in the former half of the year. All of them were characterised by the aforementioned optimism to the effect that ahead lay years of increasing contributions to development cooperation, and that the operations would be modified and extended in keeping with the new legislation.

These three reports are:

Organisational Structure for Icelandic International Development Cooperation within the Ministry for Foreign Affairs, a report, including proposals, submitted to the Minister for Foreign Affairs, by Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, strategic policy adviser; **Iceland's Action Plan on Development Cooperation**, proposals of the working group on development cooperation, peace and humanitarian issues, and; **Iceland and Africa**, a report by the working group of the Ministry for Foreign Affairs and ICEIDA.

At the end of February, the Minister for Foreign Affairs, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, submitted a Bill on Icelandic International Development Cooperation, later adopted on 11 September. On this occasion, the Minister said that the Act would be a watershed as it incorporated the aim stated in the government's coalition agreement to make development cooperation the new cornerstone of Iceland's foreign policy. In addition, the Minister stated that development cooperation was a key issue in the international community and a prerequisite for world security, peace and justice. With the Act, the Althingi had taken a historical step to fulfil Iceland's obligations vis-à-vis the international community, and added flexibility to the implementation of development cooperation.

Pursuant to the new Act, ICEIDA would no longer be governed by a special board, as its role would, in part, be taken over by a steering group under the direction of the Permanent Secretary of State. The Board's last meeting was held on 27 October, being the 311th such meeting since ICEIDA's foundation in 1981.

With the collapse of the Icelandic financial system and the Icelandic banks at the beginning of October, all circumstances in the Icelandic economy were altered virtually overnight. In the middle of November, the Minister for Foreign Affairs presented proposals for rationalisation, pursuant to which contributions to the Icelandic Development Agency were cut by 33% in 2009, as compared to the Budget Bill. In addition, the closure of four diplomatic missions was announced, including one of ICEIDA's country offices, in Colombo, Sri Lanka. Proposals on rationalising ICEIDA operations entail that the Agency will not undertake any new obligations in 2009, however honouring all current obligations in the partner countries.

When the final budget was adopted at the end of the year, it emerged that, due to the depreciation of the Icelandic króna, operations would be cut by over 40% and contributions reduced from US\$ 22 million in 2008 to about US\$ 13 million in 2009.

In 2008, ICEIDA's total expenses were 22.3 million USD, which is an increase by 28% compared to the previous year. ICEIDA's operations in the six partner countries are covered in detail in special sections in the annual report. It may also be pointed out that in the section on finances in the same report, the division of contributions by country and fields is demonstrated graphically.

Four New Country Directors

In 2008, there were changes in country directors in four out of ICEIDA's six partner countries. Three new country directors took over: Geir Oddsson in Nicaragua, Stefán Jón Hafstein in Malawi, and Tumi Tómasson in Sri Lanka. Two country directors were transferred to ICEIDA's head office in Reykjavík, Ágústa Gísladóttir and Gísli Pálsson.

Main Tasks of the Director of Fisheries Desk at the Head Office

There was a change of desk directors in the middle of the year. Geir Oddsson left the Head Office to take over as Country Director in Nicaragua. He was replaced by Ágústa Gísladóttir, former Country Director in Uganda.

A number of projects were transferred when new directors of fisheries and social desk took over. Geothermal matters became the responsibility of the Director of Social Desk and relations with the NGOs were transferred to the Director of Fisheries Desk.

The Director of Fisheries Desk visited one partner country, Malawi, in 2008. The purpose of the visit was to provide internal control regarding the implementation of projects, and to give support in the selection of projects and their preparation in the field. However, preparations for new projects ceased at the beginning of October due to the uncertainties created by the financial crisis. In 2008, a new arrangement regarding relations with NGOs was developed, which, for example, entailed a standardised application form and a draft for guidelines for grant awards.

The Director of Fisheries Desk attended several meetings and conferences during the year, both at home and abroad. Amongst others, she attended the meeting, of Nordic experts regarding fisheries in the developing countries, held in the Faroe Islands, as well as a Board meeting of the World Bank's PROFISH project in Washington, at the request of the Ministry for Foreign Affairs. The Director further attended the meeting between Iceland and small island states in the Caribbean, held in Barbados in March, the purpose of which was to investigate the possibilities of development cooperation. In addition, the Director continued the review of procedures concerning the preparation, implementation, monitoring and auditing of ICEIDA's projects.

Yfirlit frá aðalskrifstofu

Fjármálakreppa og ný löggyjöf

Tvennt setti öðru fremur mark sitt á starfsemi þSSÍ á árinu: setning nýrrar lögjafar um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og hrún íslenska fjármálakerfisins. Hvort tveggja gerðist á haustdögum og breytti miklu fyrir stofnunina.

Tíu fyrstu mánuði ársins var það viðhorf uppi í íslensku samfélagi að þróunarsamvinna væri á tímamótum. Hún væri orðin einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og sú stefna mörkuð að Ísland verði meðal þeirra þjóða sem veiti mest til þróunarmála miðað við vergar þjóðartekjur. Ár aukinna umsvifa og nýrra tækifæra færði hönd. Annað átti eftir að koma á daginn.

Fyrri hluta ársins var unnið að þremur ítarlegum greinargerðum um þróunarsamvinnu Íslendinga sem allar einkenndust af framangreindri bjartsýni um að framundan væru ár með síhækkandi framlögum til þróunarsamvinnu og breytri og öflugri starfsemi þSSÍ í samræmi við nýja löggyjöf.

Þessar þjár greinargerðir eru:

Skipulag þróunarsamvinnu Íslands innan utanríkisráðuneytisins, greinargerð með tillögum til utanríkisráðherra eftir Sigurbjörgu Sigurgeirs dóttur stjórnsýslufræðing; **Aðgerðaáætlun Íslands í þróunarsamvinnu**, tillögur vinnuhóps um þróunarsamvinnu, friðar- og mannúðarmál, og; **Ísland og Afríka**, skýrsla vinnuhóps frá utanríkisráðuneyti og þróunarsamvinnustofnun.

Í lok febrúar mælti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fyrir frumvarpi til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og 11. september voru löginn samþykkt. Utanríkisráðherra sagði við það tilefni að löginn marki tímamót, með þeim sé innisiglað markmið stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að þróunarsamvinna sé nýr hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu. Ráðherra sagði enn fremur að þróunarsamvinnu væri lykilmál alþjóðasamfélagsins og forsenda heimsöryggis, friðar og réttlætis. Með nýju lögnum hafi Alþingi stigið sögulegt skref til að uppfylla skyldur Íslands í samfélagi þjóðanna og með þeim hafi skapast aukinn sveigjanleiki við framkvæmd þróunarsamvinnu.

Samkvæmt nýju lögnum er ekki sérstök stjórn lengur yfir þSSÍ en stýrihópur undir stjórn ráðuneytisjóra tekur að hluta við hlutverki stjórnarinnar. Síðasti fundur stjórnarinnar var haldinn 27. október og var sá 31. frá því þSSÍ tók til starfa árið 1981.

Með hruni íslenska fjármálakerfisins og íslensku bankanna í byrjun október breyttust allar aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap nánast í einni andrá. Hagræðingartillögur voru kynntar af hálfu utanríkisráðherra og samkvæmt þeim verða framlög til þróunarsamvinnustofnunar Íslands lækkuð um 33% á árinu 2009 frá því sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir. Jafnframt var tilkynnt að fjórum sendiskrifstofum yrði lokað, þar af einni umdæmisksrifstofu þSSÍ, í Colombo á Sri Lanka. Tillögur til sparnaðar í útgjöldum þróunarsamvinnustofnunar fela í sér að stofnunin tekur ekki á sig nýjar skuldbindingar árið 2009 en hins vegar verður staðið við allar skuldbindingar í samstarfslöndum sem þegar hefur verið skrifað undir.

Við endanlega afgreiðslu fjárlaga í árslok var ljóst að vegna falls íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum myndi draga úr umsvifum stofnunarinnar erlendis um riflega 40% miðað við fyrra ár og fjárfamlög lækka úr 22 milljónum bandaríkjadalara árið 2008 niður í um 13 milljónir árið 2009.

Á árinu 2008 námu heildarútgjöld þSSÍ 1.959,5 milljónum íslenskra króna sem er 76% aukning frá fyrra ári. Helsta skýringin er veiking íslensku krónunnar þar sem um 90% af útgjöldum stofnunarinnar er í erlendum gjaldmiðlum. Nánar og ít-

arlega er fjallað um starfsemi þSSÍ í samstarfslöndunum sex í sérköflum í árs-skýrslunni. Einnig er vert að benda á sérkafa um fjármál í ársskýrslunni þar sem greint er með grafískum hætti frá skiptingu framlaga eftir löndum og sviðum.

Fjórir nýir umdæmisstjórar

Í fjórum af sex samstarfslöndum Próunarsamvinnustofnunar Íslands urðu skipti á umdæmisstjórum á árinu. Þrír nýir umdæmisstjórar tóku við störfum, Geir Oddsson í Níkaragva, Stefán Jón Hafstein í Malaví og Tumi Tómasson á Sri Lanka. Tveir umdæmisstjórar fluttust til starfa á aðalskrifstofu þSSÍ í Reykjavík, Ágústa Gísladóttir og Gísli Pálsson.

Helstu mál sviðsstjóra á aðalskrifstofu í fiskimálum

Sviðsstjóraskipti urðu á miðju ári. Geir Oddsson létt af störfum á aðalskrifstofu og tók við starfi umdæmisstjóra í Níkaragva. Í stað hans kom Ágústa Gísladóttir, fráfarandi umdæmisstjóri í Úganda.

Með nýjum sviðsstjórum fiski- og félagsmála varð nokkur tilfærsla á verkefnum. Jarðhitamál fluttust yfir til sviðsstjóra félagsmála og samskipti við frjáls félagssamtök til sviðsstjóra fiskimála.

Sviðsstjóri fiskimála heimsótt eitt samstarfsland á árinu, Malaví. Heimsóknin var farin í þeim tilgangi að veita innra aðhald varðandi framkvæmd verkefna og til að aðstoða við verkefnaval og undirbúning verkefna á vettvangi. Undirbúningi nýrra verkefna var hinsvegar hætt í byrjun október vegna óvissunnar sem skapaðist vegna bankareppunnar. Á árinu 2008 voru lagðar línlur varðandi nýtt fyrirkomulag samskipta við frjáls félagssamtök og m.a. útbúið staðlað umsóknareyðublað og drög að viðmiðunarreglum varðandi styrkúthlutani.

Sviðsstjóri fiskimála sótti nokkra fundi og ráðstefnur á árinu, bæði innanlands og erlendis. Meðal annars sótti hann fund norrænna sérfræðinga í fiskimálum þróunarlanda í Færeyjum og stjórnarfund PROFISH-verkefnis Alþjóðabankans í Washington að beiðni utanríkisráðuneytisins. Sviðsstjórinn sótti fund Íslands og smáeyríkja í Karíbahafinu sem haldin var á Barbados í mars en tilgangur hans var að kanna mögulegt samstarf í þróunarmálum. Auk þess vann sviðsstjórinn að áframhaldandi endurskoðun verkferla við undirbúning, framkvæmd, eftirlit og úttekt verkefna stofnunarinnar.

Helstu mál sviðsstjóra á aðalskrifstofu í orku- og félagsmálum

Sviðsstjóraskipti urðu á miðju ári. Margrét Einarsdóttir létt af störfum á aðalskrifstofu og leysti fyrst um sinn af sem umdæmisstjóri í Mósambík en hóf síðan störf tímabundið á þróunarsviði utanríkisráðuneytisins. Í stað hennar kom Gísli Pálsson fráfarandi umdæmisstjóri í Níkaragva.



Flestir konur og stúlkur í strjálbýli Malaví ganga marga kílómetra á hverjum degi
Most women and girls from rural areas in Malawi walk long distances every day

Ljósmynd/Photo: Gunnar Salvarsson

Main Tasks of the Director of Energy and Social Desk at the Head Office

In the middle of the year, there was a change of desk directors. Margrét Einarsdóttir left the Head Office and acted, to begin with, as stand-in Country Director in Mozambique, before starting provisional work at the Ministry's Department of Development Cooperation. She was replaced by Gísli Pálsson, the departing Country Director in Nicaragua.

The departing Director visited Namibia in March. The purpose of the visit was to examine proposals for new development cooperation projects between ICEIDA and the Namibian authorities. Additionally, to gain an insight into ICEIDA's support in both short- and long-term projects, as well as to assess their status. The new Director of Energy and Social Desk visited Uganda in November. The purpose of this visit was, first and foremost, to attend the annual meeting of ARGeo, which was held in Entebbe. The Millennium Village under the UN Millennium Project in Uganda was also visited and during the year the project officers prepared a report on ICEIDA's rural development projects in Malawi and Uganda.

On behalf of ICEIDA, the Director held a reception for Ecuador's Minister of Energy and Mining, and the Prime Minister of Nevis, as both these countries have shown interest in cooperating with Iceland in regard to the use of geothermal energy. Following this, closer cooperation with ICEIDA and other Icelandic parties was developed during the year.

Course on Development Issues

A successful and informative two-day course on policies, trends, methodology and implementation of development cooperation was held in May. ICEIDA and the Ministry for Foreign Affairs held the course jointly for their employees, as well as representatives from partner institutions in the field of development.

Course instructors were Ken Grant and Mark Pearson, both from HLSP, a British firm, which provides consultancy mainly in the health sector, as well as to development cooperation agencies, international organisations and governments throughout the world.

The first day of the course was attended by just under fifty people and the second by around thirty people. The talks were broadcast live to ICEIDA country offices in the partner countries in Africa.

Interns

Since 2004, ICEIDA has hired interns to work abroad in the Agency's partner countries. For a period of five months, university students are given the opportunity to become acquainted with the operations of the Agency and its partner countries. The aim is to give the students a chance to learn about such operations in the field and gain insight into various aspects of the operation. The interns learn about data collection, preparation and implementation of projects, as well as project monitoring and in this way, acquire practical knowledge and training in field work.

As in previous years, interest in internship was considerable with around 160 applications submitted in 2008. Five posts were available, one in each partner country, with the exception of Sri Lanka. The interns selected this year were: Ásdís Bjarnadóttir, MSc in development studies, for Malawi, Nanna Rún Ásgeirs dóttir, MA student of international relations, for Mozambique, Katrín Magnúsdóttir, MA student of anthropology, for Namibia, Guðrún Birna Jóhannsdóttir, MA student in development studies, for Uganda, and Þóra Bjarnadóttir,

Fráfarandi sviðsstjóri heimsótti Namibíu í mars. Markmið ferðarinnar var að kanna tillögur að nýjum samvinnuverkefnum þSSÍ og namibískra stjórnvalda. Ennfremur að fá yfirlit yfir verkefni sem þSSÍ hefur veitt stuðning í lengri og/ eða skemmi tíma og skoða stöðu þeirra. Nýr sviðsstjóri orku- og félagsmála heimsótti Úganda í nóvember. Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að sitja ársfund ARGeo sem haldinn var í Entebbe. Þúsaldarþorp þúsaldarverkefnis Sameinuðu þjóðanna í Úganda var einnig heimsótt, en fulltrúar þess verkefnis unnu skýrslu á árinu um byggðaþróunarverkefni þSSÍ í Malaví og Úganda.

Sviðsstjóri sá einnig fyrir hönd stofnunarinnar um móttöku orkumálaráðherra Ekvador og forsætisráðherra Nevis, en bæði þessi ríki höfðu áhuga á samstarfi við Ísland um nýtingu jarðvarma. Í kjölfarið þróaðist frekara samstarf við stofnunina og aðra íslenska aðila á árinu.

Námskeið um þróunarmál

Tveggja daga vel heppnað og fræðandi námskeið um stefnur, strauma, aðferðafræði og framkvæmd þróunarsamvinnu var haldið í maí. Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið efndu sameiginlega til námskeiðsins fyrir starfsmenn sína og fulltrúa samstarfsstofnana á svíði þróunarmála.

Leiðbeinendur á námskeiðinu komu frá breskri ráðgjafastofnun, HLSP, þeir Ken Grant og Mark Pearson, en stofnunin veitir ráðgjöf, einkum á svíði heilbrigðismála, þróunarsamvinnustofnunum, alþjóðastofnunum og stjórnvöldum víða um heim.

Tæplega fimmtíu þáttakendur voru á námskeiðinu fyrri daginn og um þrjátíu þann síðari. Erindi á námskeiðinu voru send út í beinni útsendingu til umdæmis-skrifstofa í samstarflöndum Prónunarsamvinnustofnunar í Afríku.

Starfsnemar

Þróunarsamvinnustofnun hefur frá árinu 2004 ráðið til sín starfsnema til starfa í samstarflöndum stofnunarinnar. Um er að ræða fimm mánaða tímabil þar sem háskólanemar fá tækifæri til að kynnast starfsemi stofnunarinnar og samstarflöndum hennar. Markmiðið er að gefa nemum tækifæri til að kynnast starfsemi þróunarsamvinnu á vettvangi og gefa þeim innsýn í ólíkar hliðar starfsins. Nemarnir fá að kynnast gagnaöflun, undirbúningi og framkvæmd verkefna, ásamt eftirliti með þeim, og fá með þeim hætti hagnýta leiðsögn og þjálfun hvað varðar starf á vettvangi.

Eins og árin á undan sýndu fjölmargir starfsnámi stofnunarinnar áhuga og bárust um 160 umsóknir árið 2008. Auglýstar voru fimm stöður, ein í hverju samstarfslöndum fyrir utan Síri Lanka. Nemarnir sem valdir voru í stöðurnar þetta árið voru Ásdís Bjarnadóttir, MSc í þróunarfræðum, sem fór til Malaví, Nanna Rún Ásgeirs dóttir, MA nemi í alþjóðasamskiptum, til Mósambík, Katrín Magnúsdóttir, MA nemi í mannfræði, til Namibíu, Guðrún Birna Jóhannsdóttir, MA nemi í þróunarfræðum, til Úganda og Þóra Bjarnadóttir, MA nemi í þróunarfæði, til Níkaragva. Allar unnu þær að fjölbreyttum verkefnum undir leiðsögn umdæmisstjóra og verkefnastjóra þSSÍ í samstarflöndunum. Guðrún Birna var í kjölfarið ráðin til sex mánaða í afleysingar á skrifstofu stofnunarinnar í Kampala, Úganda og Ásdís Bjarnadóttir sem sérfræðingur á skrifstofuna í Lilongve, Malaví, einnig til sex mánaða.

Styrkir

Líkt og undanfarin ár auglýsti Prónunarsamvinnustofnun að vorlagi eftir umsóknir um tvo styrki til doktorsnáms og tvo styrki til meistaránáms í samvinnu við Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands. Alls bárust tuttugu umsóknir, ellefu vegna

MA student in development studies, for Nicaragua. All worked on diverse projects under the guidance of ICEIDA country directors and project managers in the partner countries. Subsequently, Guðrún Birna was temporarily employed for a period of six months at the office in Kampala, Uganda, and Ásdís as an expert at the office in Lilongwe in Malawi, also for a period of six months.

Scholarships

In the spring, as in previous years, ICEIDA invited applications for two scholarships offered to students at the doctorate level and two scholarships for students at the master's level, in cooperation with the Research Liaison Office of the University of Iceland. A total of twenty applications were received, eleven from masters students and nine from doctoral students. In addition, ICEIDA supported students from the United Nations University Fisheries Training Programme, UNU-FTP, and the UN University Geothermal Training Programme, UNU-GTP, in much the same way as in previous years.

The conclusion of the evaluation committee of the Research Liaison Office was that ICEIDA should, "due to increased activity, added interest in development cooperation, and the large number of strong applications," award three scholarships at the doctorate level instead of the usual two. This recommendation was approved by the Board. Recipients of scholarships at the doctorate level were Sigríður Björk Þormar, Kristinn Hermannsson and Pétur Waldorff, whilst scholarships at the master's level were awarded to Þórður Örn Hjálmarsson and Jakob Hafþór Björnsson.

Two students from Mozambique, one from Malawi, and one from Ghana received grants from the UNU Fisheries Training Programme. These were: Alda Maria Salia and Celine Animbal Malichocho from Mozambique, Kingsley Matalo Thengo from Malawi and Vida Osei from Ghana.

One student from Nicaragua, Francisco Ruiz, received a grant from the UNU Geothermal Training Programme.

Meeting of Administrative Coordinators in Iceland 16-21 June

Six administrative coordinators at ICEIDA offices and Icelandic embassies in ICEIDA partner countries came to Iceland in the week 16-21 June, for a study and fact-finding visit. In all the countries, save for one, the coordinators are women from the country in question, except in Kampala, the capital of Uganda, where the office is run by an Icelandic woman.

Some of the administrative coordinators in the partner countries have worked for Iceland for many years. However, only one of them had previously visited Iceland. During the visit, emphasis was placed on instruction in ICEIDA's financial and archiving system, but the coordinators were also given the opportunity to do some sightseeing in Reykjavík and its environs. The visit also included a lunch with Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Iceland's Minister for Foreign Affairs at the time.

The ARGeo Project

ARGeo is a cooperation project under preparation for the exploitation of geothermal power in six countries in Northeast Africa, including Kenya, Uganda, Djibouti, Ethiopia, Eritrea and Tanzania. Besides these six countries, the preparatory group includes representatives of the World Bank, the United Nations Environment Programme (UNEP), as well as donors from Germany, Italy, France and Iceland (ICEIDA).

Preparations, with the participation of ICEIDA, have now lasted for more than three years and the representatives of various other donors have declared their interest in participating, including representatives from the USA, the African Development Bank and several European states. The cooperation has inter alia the objective to decrease the need for wood as fuel in the African participating countries, thereby reducing the fast increasing deforestation, by supporting the exploitation of geothermal power, since all these six countries lie across active fault lines in the East African rift valley, where considerable exploitable geothermal power has been discovered, not least due to research carried out by Icelandic geoscientists.

Firstly, the ARGeo project is aimed at promoting further basic research on geothermal power in this area, secondly to enhance cooperation between the countries on research and knowledge dissemination, thirdly to facilitate the participation of foreign investors in the exploitation of geothermal power, and in the fourth place to establish a kind of reciprocal risk guarantee fund for the experimental drilling, providing guarantees for the refunding of a certain percentage of the drilling cost in areas deemed, on grounds of research, to be the most likely areas for such exploitation, should results turn out to be below expectations.

A basic research project on geothermal power in cooperation with the Ugandan authorities, which was part of ICEIDA's contribution to the ARGeo project, was completed during the year. Further contributions by ICEIDA in this field were in the form of geophysical studies in Eritrea. The project, which commenced in November, was carried out by ÍSOR and the results should be available next March.

Nordic Plus

ICEIDA has, for a number of years, participated in the activities of the Nordic Plus Group, which is a consultative group of development agencies and ministries of all the Nordic countries, plus Britain, Ireland and the Netherlands. The consultative meeting of Nordic Plus Directors General was held in Delft, Holland, 17-18 January. Amongst the topics under discussion were: cooperation in regard to reviewing, preparations for the Accra meeting later in the year concerning the results in development cooperation, with regard to the goals of the Paris Declaration, discussions concerning unstable states, joint action plan, etc. The Icelandic representatives explained the current changes in legislation on Icelandic international development cooperation. These meetings are held annually; the next meeting will be held in the UK.

Development Cooperation with Small Island States

Representatives of ICEIDA attended a meeting between Iceland and small island states of the Caribbean, which was held in Barbados in March. The meeting was instigated by the Ministry for Foreign Affairs, its purpose being to investigate the possibilities of development cooperation. Following this meeting, an agreement was concluded with the Icelandic National Energy Authority to provide the islands of Dominique and Nevis with assistance in assessing the regulatory framework of geothermal energy. Work began later in the year and will be completed by April next year. ICEIDA also hired experts from domestic agencies and the university community to prepare reports on the possibilities of cooperation with the small island states in both the Pacific and Caribbean. As well as a general overview, geothermal and fisheries matters were examined especially and the experts submitted their report in the middle of the year.

meistaranáms og níu vegna doktorsnáms. Ennfremur styrkti Próunarsamvinnustofnun nemendur í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna með svipuðum hætti og fyrri ár.

Matsnefn Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands lagði til við stjórni þSSÍ að „vegna mikillar grósku, mikils áhuga á þróunarsamvinnu og fjölda góðra umsókna“ yrðu veittir þrír styrkir til doktorsnáms í stað tveggja eins og vaninn er og var sú tillaga samþykkt á stjórnarfund. Doktorsnámsstyrkina hlutu Sigríður Björk Þormar, Kristinn Hermannsson og Pétur Waldorff, en meistaranámsstyrkina hlutu Þórður Örn Hjálmarsson og Jakob Hafþór Björnsson.

